

REGLUGERÐ um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Skipum er veiðar stunda með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Fyrir Norðausturlandi allt árið á svæði, er að vestan markast af línu, sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er 81° réttvísandi frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 20 sjómíllur utan viðmiðunarlínu.

Á tímabilinu frá og með 15. september til og með 31. janúar ár hvert eru ennfremur bannaðar veiðar með botnvörpu og flotvörpu á svæði, sem að vestan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 360° frá Rifstanga (viðmiðunarstaður 8) og að austan af línu, sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 40 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.

2. Fyrir Vesturlandi allt árið á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 65°25'0 N, 27°00'0 V
- b) 65°26'0 N, 26°54'0 V
- c) 65°08'0 N, 26°48'0 V
- d) 64°39'0 N, 26°54'0 V
- e) 64°39'0 N, 27°02'0 V
- f) 65°03'0 N, 27°09'0 V.

2. gr.

Á eftirgreindum svæðum og tíma eru skipum bannaðar allar veiðar:

1. Fyrir Suðurlandi á tímabilinu frá 20. mars til 15. maí á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 63°32'0 N, 22°00'0 V
- b) 63°32'0 N, 21°10'0 V
- c) 63°00'0 N, 21°10'0 V
- d) 63°00'0 N, 22°00'0 V.

2. Norður af Kögri allt árið á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 67°17'0 N, 23°51'0 V
- b) 67°20'0 N, 22°32'5 V
- c) 67°01'0 N, 22°12'3 V
- d) 66°57'0 N, 23°21'0 V.

Á þessum svæðum skal þó heimilt að stunda loðnuveiðar, þegar slíkar veiðar eru leyfðar og ennfremur er ráðuneytinu heimilt að veita leyfi til rækjuveiða norður af Kögri.

3. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða viðurlög refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þesi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. júlí 1982 og birtist til eftirbreiðni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 229 30. apríl 1982, um friðunarsvæði við Ísland.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. júní 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 190,00 frá 25. júní 1982 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðjan) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 23. júní 1982.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Yngvi Ólafsson.